



Hrunamannahreppur.

Sími 480 6600, netfang; hruni@fludir.is, heimasíða www.fludir.is

Flúðum 30. september 2020

Berist til
Sveitastjórnar Skeiða- og Gnúpverjahrepps.

Vinnuhópur um könnun á uppbyggingu hjúkrunarheimilis var skipaður í Hrunamannahreppi eftir sveitastjórnarkosningar 2018. Verkefni hópsins er að gera fýsileikakönnun á uppbyggingu og rekstri hentugar stærðar hjúkrunarheimilis og á félagslegum búsetuúrræðum. Hópurinn skal skila skriflegri skýrslu til sveitastjórnar með hugmyndum sínum og mögulegum útfærsluleiðum. Við vinnu sína skal hópurinn kanna hug nágrannasveitarfélaga til samvinnu.

Hópurinn hefur lagt vinnu í að kynna sér byggingu og rekstur hjúkrunarheimila hér í nágrenninu og hvernig best er að standa að umsókn og uppbyggingu. Við höfum m.a. rætt við rekstraraðila hjúkrunarheimila og sérfræðinga hjá heilbrigðisráðuneytinu. Við höfum einnig kynnt okkur hvort ekki sé heppilegt að byggja íbúðir fyrir aldraða í tengslum við hjúkrunarheimili.

Árið 2020 er fjöldi íbúa 65-100 ára í uppsveitunum (Grímsnes-og Grafningshrepp, Bláskógabyggð, Hrunamannahreppi, Skeiða- og Gnúpverjahreppi) 447 einstaklingar þar af er 151 einstaklingur 76-100 ára. 32 einstaklingar eru á biðlista á Suðurlandi eftir hjúkrunarrými og 11 á biðlista eftir dvalarrými.

Hópnum finnst nauðsynlegt að horfa til framtíðar og stefna að því að aldraðir geti búið sem næst sinni heimabyggð. Þá telur hópurinn að þetta verkefni geti stuðlað að auknum atvinnumöguleikum í uppsveitunum og álítur raunhæft að verkefnið geti orðið að veruleika á næstu 10 árum. Samstaða sveitarfélaga skiptir miklu máli til að þetta verði að veruleika og óskum við því eftir afstöðu ykkar til samvinnu í þessu verkefni. Ef óskað er eftir frekari upplýsingum þá erum við í vinnuhópnum fús að veita þær.

Næsti fundur vinnuhópsins er fyrirhugaður 7. nóvember nk. og væri því gott að fá svar við þessu bréfi fyrir þann tíma á netfangið alli@fludir.is

Með vinsemd og virðingu
f.h. vinnuhópsins
Aðalsteinn Þorgeirsson formaður

Bréfið er einnig sent til sveitastjórna Bláskógabyggðar og Grímsnes- og Grafningshrepps.